

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
vt. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2019

Efni: Launakjör stjórnenda í viðskiptabönkum í eigu ríkisins.

Bankasýslu ríkisins barst bréf frá fjármála- og efnahagsráðherra („ráðherra“), dags. 28. febrúar 2019, er varðaði launakjör stjórnenda í viðskiptabönkum í eigu ríkisins og samskipta því tengdu undanfarnar vikur. Í bréfinu koma m.a. fram viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytis („ráðuneytið“) varðandi svarbréf Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“) og Landsbankans hf. („Landsbankinn“) frá 19. febrúar 2019 til Bankasýslu ríkisins.

Í bréfi ráðuneytisins segir að laun æðstu starfsmanna bankanna hafi verið ákveðin úr hófi og leiðandi. Það sé mat ráðuneytisins að bankarnir hafi með launaákvörðunum fyrir æðstu stjórnendur ekki virt þau tilmæli sem beint var til þeirra í upphafi árs 2017 og sem ítrekuð voru gagnvart nýkjörnum stjórnnum síðar það sama ár, þar sem lögð var áhersla á hófsemi og varfærni um launaákvörðanir. Við þá stöðu verði ekki unað að mati ráðuneytis. Var því óskað eftir því að Bankasýsla ríkisins kæmi afstöðu ráðuneytisins á framfæri við viðkomandi stjórnir með afdráttarlausum hætti og ennfremur að rétt væri að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin með tafarlausri endurskoðun á launaákvörðunum og undirbúningi að breytingum á starfskjarastefnum, sem lagðar yrðu fram á komandi aðalfundum bankanna.

Stofnunin hefur framsent framangreint bréf ráðherra til stjórnarformanna Íslandsbanka og Landsbankans með tölvupósti, dags. 28. febrúar 2019, og þannig komið á framfæri framangreindri afstöðu og tilmælum ráðuneytis. Bankasýsla ríkisins tekur undir sjónarmið ráðherra og telur ljóst af svarbréfum bankanna frá 19. febrúar sl. að þau hafa virt að vettugi ábendingar stofnunarinnar í bréfi hennar frá 23. janúar 2017 í samræmi við tilmæli ráðherra í bréfi dags. 6. janúar 2017.

Jafnframt fagnar Bankasýsla ríkisins skýrri túlkun ráðuneytis á viðmiðum núgildandi eigandastefnu er varða starfskjarastefnu fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins. Bankasýsla ríkisins hefur nú þegar hafið undirbúning að breytingum á starfskjarastefnu bankanna í samráði við stjórnir þeirra og mun hafa að leiðarljósi við þá vinnu skýringar, afstöðu og tilmæli ráðuneytis við þá vinnu. Einnig eru hafnar viðræður við stjórnir bankanna um forsendur og áætlanir í tengslum launakostnað og launaþróun innan bankanna.

Stofnunin vinnur nú að skýrslu til ráðherra eins og greint var frá í bréfi til hans þann 21. febrúar sl. Hefur stofnunin ráðið Capacent, sem utanaðkomandi ráðgjafa, til að gera ítarlega könnun á launakjörum og launaþróun hjá viðskiptabönkunum, með samanburði við önnur fyrirtæki og sambærilega banka erlendis. Með því móti telur stofnunin sig færa um að leggja rökstutt mat á framangreind atriði hjá Íslandsbanka og Landsbankanum. Verður það mikilvægur hluti af skýrslu til ráðherra.

Virðingarfyllt,



Lárus L. Blöndal

formaður stjórnar